

# KYNJABÓKHALD 2007

ALÞÝÐUSAMBAND ÍSLANDS

Útgefandi Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1, 105 Reykjavík

Ábyrgðarmaður: Grétar Þorsteinsson

# INNGANGUR

Kynjabókhald Alþýðusambands Íslands birtist hér í annað sinn. Líkt og fyrra ár eru upplýsingar fengnar úr skýrslum aðildarfélaganna þar sem fram kemur kynjahlutfall félagsmanna og skipting í stjórnir og ráð á vegum einstakra félaga, deilda og landssambanda. Upplýsingar um málefnanefndir og tilnefningar í nefndir og ráð á vegum ASÍ eru teknar af heimasíðu sambandsins 1. október 2007.

Uppsetning kynjabókhaldsins er með svipuðu sniði og á síðasta ári, ætti það að auðvelda samanburð á milli ára. Mikilvægt er að þróa kynjabókhaldið með frekari upplýsingum til að gefa sem skýrasta mynd af stöðu jafnréttismála innan sambandsins.

Eitt af markmiðum stefnu ASÍ í jafnrétti kvenna og karla sem samþykkt var á ársfundinum árið 2005 var að auka hlut kvenna í stjórnum og áhrifastöðum innan verkalýðshreyfingarinnar og í samtökum þeim tengdum, s.s. stjórnum lífeyrissjóða. Með fyrrgreint markmið í huga er bætt við töflu í kynjabókhaldið með upplýsingum um kynjaskiptingu fulltrúa Alþýðusambands Íslands, einstakra stéttarélaga og Samtaka atvinnulífsins í stjórnum níu stærstu lífeyrissjóða sem aðildarfélög ASÍ eiga aðild að. Allir lífeyrissjóðirnir eiga aðild að Landssamtökum lífeyrissjóða.

Upplýsingar um kynjaskiptingu fulltrúa ASÍ, einstakra stéttarfélaga og SA í stjórnum lífeyrissjóðanna miðast við september 2007 og fengust upplýsingarnar í flestum tilfellum á heimasíðu sjóðanna. Til að átta sig á kynjaskiptingu sjóðsfélaga er nauðsynlegt að vita hvaða stéttarfélög eiga aðild að einstökum lífeyrissjóðum. Á blaðsíðu 10 er listi aðildarfélaga einstakra lífeyrissjóða.

Samanburður á milli ára er áhugaverður. Sem dæmi má nefna að heildarfjöldi félagsmanna aðildarfélaga ASÍ árið 2006 var 99.164 og árið 2007 er hann 107.859.




**MYND 1:**
Hlutfall kvenna í miðstjórn ASÍ, í stjórnum landssambanda, meðal ársfundarfulltrúa, í stjórnum aðildar–félaga og deilda og af félagsmönnum ASÍ, 2007.

Aukningin er 8.695, þar af eru karlar 6.456 eða 74%. Með fjölgun erlends launafólks sem hingað kemur til starfa til lengri eða skemmri tíma hefur mikil breyting orðið á íslenskum vinnumarkaði á síðustu árum og ekki síst síðustu misserum. Karlar eru fjölmennir í þessum hópi og því ekki óeðlilegt að álykta að fjöldi félaga í aðildarfélögum ASÍ sé nokkuð breytilegur á milli ára og þá um leið að fjölmennur hópur karla af erlendum uppruna sem hingað koma til starfa hverfi af íslenskum vinnumarkaði.

Þegar skoðuð er breyting á milli ára hvað varðar hlutfall kvenna í stjórnum og ráðum kemur í ljós að þar er ekki veruleg breyting. Kynjabókhaldið sjálft leysir hvorki vanda né eykur hlut kvenna í stjórnum og ráðum. Það þarf að breyta viðhorfum og samþætta jafnréttissjónarmiðið í allri ákvarðanatöku aðildarfélaga Alþýðusambands Íslands.

Kynjabókhaldið skiptir máli til að upplýsa um stöðuna eins og hún er á hverjum tíma og auðveldar stefnumótunarvinnu til að koma jafnréttismálum í það horf sem ASÍ getur verið stolt af og sem þjónar öllum aðilum sambandsins.

## Uppbygging Alþýðusambands Íslands

Alþýðusamband Íslands er stærstu heildarsamtök launafólks á Íslandi. Innan sambandsins eru fimm landssambönd og sjö félög með beina aðild.

**ASÍ**

**Landssambönd**

Starfsgreinasamband Íslands (SGS) - 24 félög
Landssamband íslenzkra verzlunarmanna (LÍV) - 8 félög og 9 deildir
Samiðn - Samband iðnfélaga - 9 félög og 5 deildir
Sjómannasamband Íslands (SSÍ) - 5 félög og 16 deildir
Rafiðnaðarsamband Íslands (RSÍ) – 10 félög

**Félög með beina aðild**

Félag bókagerðarmanna
Félag íslenskra hljómlistarmanna
Félag leiðsögumanna
Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Flugfreyjufélag Íslands
Matvís - Matvæla- og veitingafélag Íslands
Mjólkurfræðingafélag Íslands

**MYND 2:**
Fjöldi félagsmanna og stjórnarmanna aðildarfélaga ASÍ skipt eftir kyni.






**MYND 3:**
Félagsmenn aðildarfélaga og deilda ASÍ eru 107.859. Aðildarfélögin raða sér í 5 landssambönd og 7 félög með beina aðild, sem aftur mynda Alþýðusamband Íslands. Myndin sýnir fjölda félagsmanna eftir kyni.




**MYND 4:**
Fjöldi stjórnarmanna í aðildarfélögum og deildum innan ASÍ eftir kyni.




**MYND 5:**
Fjöldi stjórnarmanna í landssamböndunum fimm eftir kyni.

**MYND 6:**
Hlutfallsleg kynja–skipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Landssambands íslenzkra verzlunar-manna.




**MYND 7:**
Hlutfallsleg kynja-skipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Rafiðnaðar–sambands Íslands.




**MYND 8:**
Hlutfallsleg kynja-skipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Samiðnar, sambands iðnfélaga.






**MYND 9:**
Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Starfsgreinasambands Íslands.




**MYND 10:**
Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna innan Sjómannasambands Íslands.




**MYND 11:**
Hlutfallsleg kynjaskipting félagsmanna og stjórnarmanna í félögum með beina aðild að ASÍ.

TAFLA 1:

## FASTANEFNDIR - MÁLEFNANEFNDIR ASÍ - 2007

| | *Fjöldi í nefnd* | *Konur* | *Karlar* | *Hlutfall kvenna* | *Hlutfall karla* | *Kona form* | *Karl form* |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alþjóðanefnd | 8 | 2 | 6 | 25% | 75% | X | |
| Atvinnumálanefnd | 8 | 2 | 6 | 25% | 75% | X | |
| Jafnréttis- og fjölskyldunefnd | 8 | 4 | 4 | 50% | 50% | X | |
| Kjara- og skattanefnd | 8 | 1 | 7 | 13% | 87% | | X |
| Lífeyrisnefnd | 8 | 1 | 7 | 13% | 87% | | X |
| Mennta- og útbreiðslunefnd | 8 | 1 | 7 | 13% | 87% | | X |
| Skipulags- og starfsháttanefnd | 8 | 1 | 7 | 13% | 87% | | X |
| Velferðarnefnd | 9 | 2 | 7 | 22% | 78% | | X |
| Vinnumarkaðsnefnd | 8 | 2 | 6 | 25% | 75% | X | |
| Samtals | **73** | **16** | **57** | **22%** | **78%** | **4** | **5** |

Fastanefndir ASI eru skipaðar sjö til átta fulltrúum. Hvert landssamband skipar einn fulltrúa og félög með beina aðild skipa sameiginlega einn fulltrúa í hverja fastanefnd, nema í velferðarnefnd, þar eru tveir. Miðstjórn tilnefnir einn fulltrúa í nefndina og einn starfsmann af skrifstofu ASÍ sem starfar með nefndinni.

TAFLA 2:

## TILNEFNINGAR ASÍ Í NEFNDIR OG RÁÐ - 2007

| | *ASÍ fulltrúar* | *Konur* | *Karlar* | *Hlutfall kvenna* | *Hlutfall karla* |
|---|---|---|---|---|---|
| Alþjóðamál | 6 | 1 | 5 | 17% | 83% |
| Jafnréttismál | 4 | 1 | 3 | 25% | 75% |
| Kjara- og skattamál | 13 | 1 | 12 | 8% | 92% |
| Mennta- og menningarmál | 60 | 24 | 36 | 40% | 60% |
| Velferðarmál | 14 | 4 | 10 | 29% | 71% |
| Vinnumarkaðsmál | 59 | 15 | 44 | 25% | 75% |
| Annað | 16 | 5 | 11 | 31% | 69% |
| Samtals | **172** | **51** | **121** | **30%** | **70%** |
| Kynjaskipting aðalfulltrúa | 109 | 29 | 80 | 27% | 73% |
| Kynjaskipting varafulltrúa | 63 | 22 | 41 | 35% | 65% |

ASI tilnefnir fulltrúa í fjölmargar nefndir og ráð á vegum opinberra aðila, með fulltrúum atvinnulífsins sem og á vettvangi ASÍ. Nefndarseta er mislöng allt eftir verksviði nefndarinnar / ráðsins. Nefndir og ráð eru hér flokkuð með hliðsjón af málefnaskiptingu fastanefnda ASÍ.

TAFLA 3:

## KYNJASKIPTING Í STJÓRNUM AÐILDARFÉLAGA OG DEILDA ASÍ - 2007

| | *Formaður* | | *Varaform* | | *Gjaldkeri* | | *Ritari* | | *Meðstjórn* | | *Samtals* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* |
| Bein aðild | 5 | 2 | 5 | 1 | 4 | 1 | 4 | 3 | 16 | 8 | 34 | 15 |
| LÍV | 8 | 8 | 5 | 7 | 1 | 5 | 1 | 9 | 14 | 22 | 29 | 51 |
| RSÍ | 9 | 1 | 7 | 1 | 8 | 1 | 7 | 2 | 17 | 0 | 48 | 5 |
| Samiðn | 13 | 1 | 9 | 2 | 6 | 1 | 11 | 1 | 30 | 3 | 69 | 8 |
| SGS | 17 | 6 | 11 | 13 | 10 | 9 | 6 | 17 | 51 | 50 | 95 | 95 |
| SSÍ | 18 | 2 | 10 | 0 | 4 | 0 | 11 | 0 | 16 | 0 | 59 | 2 |
| **Samtals** | **70** | **20** | **47** | **24** | **33** | **17** | **40** | **32** | **144** | **83** | **334** | **176** |

TAFLA 4:

## KYNJASKIPTING Í STJÓRNUM LANDSSAMBANDA ASÍ - 2007

| | *Formaður* | | *Varaform* | | *Gjaldkeri* | | *Ritari* | | *Meðstjórn* | | *Samtals* | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* |
| LÍV | 0 | 1 | 1 | 0 | 0 | 1 | 0 | 1 | 3 | 4 | 4 | 7 |
| RSÍ | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 12 | 3 | 16 | 3 |
| Samiðn | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 6 | 1 | 10 | 1 |
| SGS | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 | 0 | 7 | 4 | 9 | 4 |
| SSÍ | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 11 | 0 | 14 | 0 |
| **Samtals** | **4** | **1** | **5** | **0** | **3** | **1** | **2** | **1** | **39** | **12** | **53** | **15** |

TAFLA 5:

## KYNJASKIPTING Í STJÓRNUM LÍFEYRISSJÓÐA - 2007

| | *Fulltrúar ASÍ og stéttarfélaga* | | *Fulltrúar SA* | | *Samtals* |
|---|---|---|---|---|---|
| | *Karlar* | *Konur* | *Karlar* | *Konur* | *stjórnarmenn* |
| Festa lífeyrissjóður | 2 | 1 | 2 | 1 | 6 |
| Gildi lífeyrissjóður | 3 | 1 | 4 | 0 | 8 |
| Lífeyrissjóður Rangæinga | 2 | 0 | 2 | 0 | 4 |
| Lífeyrissjóður verzlunarmanna | 2 | 2 | 2 | 2 | 8 |
| Lífeyrissjóður Vestfirðinga | 3 | 1 | 3 | 1 | 8 |
| Lífeyrissjóður Vestmannaeyja | 1 | 2 | 3 | 0 | 6 |
| Sameinaði líffeyrissjóðurinn | 3 | 0 | 3 | 0 | 6 |
| Stafir lífeyrissjóður | 3 | 0 | 2 | 1 | 6 |
| Stapi lífeyrissjóður | 2 | 2 | 2 | 2 | 8 |
| **Samtals** | **21** | **9** | **23** | **7** | **60** |

Kynjaskipting fulltrúa Alþýðusambands Íslands, einstakra stéttarfélaga og Samtaka atvinnulífsins í stjórnum lífeyrissjóðanna miðast við september 2007. Upplýsingar eru fengnar af heimasíðu lífeyrissjóðanna og skrifstofu einstakra sjóða.

# AÐILDARFÉLÖG EINSTAKRA LÍFEYRISSJÓÐA

**Festa lífeyrissjóður**
Báran stéttarfélag
Iðnsveinafélag Suðurnesja
Stéttarfélag Vesturlands
Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis
Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis
Verkalýðsfélag Akraness
Verkalýðsfélag Grindavíkur
Verkalýðsfélag Stykkishólms
Verkalýðsfélag Suðurlands
Verkalýðsfélag Boðinn
Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar
Verkalýðsfélagið Stjarnan
Verslunarmannafélag Suðurnesja

**Gildi lífeyrissjóður**
Bifreiðastjórafélagið Sleipnir
Efling – stéttarfélag
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands
Félag hársnyrtisveina
Landssamband smábátaeigenda
Sjómannasamband Íslands
Verkalýðsfélagið Hlíf
Vélstjórnafélag Íslands

**Lífeyrissjóður Rangæinga**
Félag iðn- og tæknigreina Suðurlandi
Verkalýðsfélag Suðurlands

**Lífeyrissjóður verzlunarmanna**
VR og þeir sem byggja starfskjör sína á kjarasamningi VR
Önnur samtök verslunarmanna

**Lífeyrissjóður Vestfirðinga**
Félag járniðnaðarmanna á Ísafirði
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Vélstjórafélag Ísafjarðar

**Lífeyrissjóður Vestmannaeyja**
Drífandi stéttarfélag
Sjómannafélagið Jötunn
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi
Sveinafélag járniðnaðarmanna í Vestmannaeyjum
Verkstjórafélag Vestmannaeyja
Verslunarmannafélag Vestmannaeyja
Vélstjórafélag Vestmannaeyja
Vörubílstjórafélagið Ekill

**Sameinaði lífeyrissjóðurinn**
AFL Starfsgreinafélag, málmiðnaðardeild
Félag bókagerðarmanna
Félag iðn- og tæknigreina
Félag málmiðnaðarmanna Akureyri
Félag skipstjórnarmanna Skagafirði
Félag vélstjóra og málmtæknimanna
Iðnaðarmannadeild Vökuls
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Múrarafélag Reykjavíkur
Stéttarfélag Vesturlands
Sveinafélag pípulagningamanna
Trésmiðafélag Reykjavíkur
Veggfóðrarafélag Reykjavíkur
Verkstjórasamband Íslands
Þingiðn

**Stafir lífeyrissjóður**
Matvæla- og veitingasamband Íslands
Rafiðnaðarsamband Íslands

**Stapi líferyissjóður**
AFL Starfsgreinafélag
Aldan stéttarfélag
Eining-Iðja Eyjafirði
Félag byggingamanna Eyjafirði
Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri
Iðnsveinafélag Skagafjarðar
Skipstjóra- og stýrimannafélagið Sindri
Stéttarfélagið Samstaða
Verkalýðsfélag Hrútfirðinga
Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis
Verkalýðsfélag Þórshafnar
Verkalýðsfélagið Vaka
Verslunarmannafélag Húsavíkur
Verslunarmannafélag Skagfirðinga
Þingiðn, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslu

Upplýsingar um aðildarfélög einstakra lífeyrissjóða voru fengnar af heimasíðu þeirra í september 2007 og frá stjórnarmönnum einstakra sjóða þar sem upplýsingar voru ekki á heimasíðu.

GuðjónÓ - vistvæn prentsmiðja



Alþýðusamband Íslands - Sætún 1 - 105 Reykjavík - Sími 53 55 600 - Fax 53 55 601 - www.asi.is